

Ávarp rektors – kynningarfundur vegna nýsköpunarhraðals HÍ -AWE

12. nóvember 2020

Góðir áheyrendur.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin á þennan kynningarfund um nýsköpunarhraðal fyrir konur undir merkjum Academy for Women Entrepreneurs eða AWE sem Háskóli Íslands stendur fyrir í samstarfi við bandaríska sendiráðið. Ég vil nota tækifærið og þakka sendiráðinu kærlega fyrir samstarfið.

Sjaldan eða aldrei hefur verið mikilvægara en nú að efla nýsköpun í íslensku efnahagslífi og jafnframt auka hlut kvenna á þeim vettvangi. Háskóli Íslands vill þar gjarnan leggja sitt af mörkum.

Markmið þess nýsköpunarhraðals Háskóla Íslands sem við kynnum hér í dag er að styðja við konur í þróun viðskiptahugmynda þeirra og gera þeim betur kleift að stofna fyrirtæki á grundvelli þessara hugmynda. Hraðallinn er einnig ætlaður þeim konum sem þegar hafa stofnað fyrirtæki og vilja styrkja rekstrargrundvöll þerra.

Stuðningur verður í boði fyrir þátttakendur af hálfu Háskóla Íslands þar sem Fida Abu Libdeh, forstjóri og annar stofnenda GeoSilica, og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, vöru- og markaðsstjóri Florealis, miðla af reynslu sinni sem mentorar í námskeiðinu.

Þá munu sérfræðingar innan og utan Háskólans, m.a. úr hópi félaga í Félagi Kvenna í atvinnulífinu, FKA, bæta enn fremur við og stækka þekkingarbrunn námskeiðsins. Að auki munu samtök á borð við Samtök kvenna af erlendum uppruna og UAK, ungar athafnakonur, koma að nýsköpunarhraðalinum.

Við ætlum á þessum kynningarfundum að fara nánar yfir dagskrá þessa nýsköpunarhraðals Háskóla Íslands, kynna hverjir koma að honum og hver ávinningur þátttökunnar er.

Ég vil vekja athygli fundargesta á því að hægt er að senda inn skriflegar spurningar hér á streyminu sem verður þá svarað í lok fundarins.

Dagskrá fundarins er á þá leið að hér á eftir mun forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, ávarpa fundinn. Að ávarpi Guðna loknu mun sendiherra Bandaríkjanna á Íslands, Jeffrey Ross Gunther, segja nokkur orð. Að því loknu munu Fida Abu Libdeh og Sandra Mjöll Jónsdóttir Buch, mentorar nýsköpunarhraðalsins fara betur yfir dagskrá hans og hagnýt mál sem tengjast þátttöku í honum. Að lokum mun Sæunn Stefánsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu rektors, svara spurningum fyrir hönd framkvæmdanefndar verkefnisins. En nú gef ég forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessyni orðið.

Nú er komið að leiðarlokum, ég vil þakka öllum þeim sem hafa tekið þátt í fundinum fyrir þeirra framlag. Ég er þess fullviss að nýsköpunarhraðall Háskóla Íslands mun enn frekar efla þann nýsköpunarkraft sem býr í konum. Ég hvet ykkur til að taka þátt!